

1. DKG-fundur vetrarins haldinn í Gestshúsum á Selfossi 21.september 2017.

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður Epsilondeildar setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.
2. Þá var nafnakall viðhaft og las Ingibjörg upp nöfn félagskvenna og bað fyrir kveðjur frá þeim sem ekki áttu heimangengt.
3. Sigfríður Sigurgeirsdóttir las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
4. Orð til umhugsunar var að þessu sinni í höndum Gunnvarar. Hún gerði samskipti að umtalsefni sínu og benti okkur á að viðhorf okkar skiptir miklu máli þegar við eigum í samskiptum við aðra.
5. Við fengum góðan gest Helgu Halldórsdóttur úr Gammadeild í heimsókn. Helga er fyrirverandi meðlimur í Epsilondeild og fengum við hana til að vera okkur innan handar við innsetningu nýrra félaga. Helga sagði nokkur orð og þakkaði kærlega fyrir að fá að koma og vera með okkur á fundinum. Þá talaði hún líka um að við í deildinni þyrftum að huga vel að breiddinni í hópnum þegar taka á inn nýjar konur í samtökin. Þá benti hún á mikilvægi þess að að bera virðingu fyrir hefðum og reglum samtakanna og ekki mætti gleyma gleðinni í fundahöldunum.
6. Aðalefni fundarins var svo inntaka nýrra félaga. Fjórar mjög svo frambærilega konur voru formlega teknar inn í samtökin og deildina okkar. En þær eru: Aðalbjörg Bragadóttir, íslenskukennari við Menntaskólann að Laugarvatni, G. Ásgerður Eiríksdóttir, sérkennslustjóri í Árborg, Brimver/Æskukoti, Margrét Guðmundsdóttir leikskólakennari, Jötunheimum, Selfossi og Sædis Ósk Harðardóttir sérkennari í BES en hún verður tekin inn síðar í vetur, eða á vormánuðum, þar sem hún komst ekki á inntökufundinn.
7. Önnur mál. Ákveðið var á fundinum eftir lýðræðislega kosningu að fara í heimsókn til Þetadeildar á Suðurnesjum þann 14.apríl nk. Þá var farið yfir þá viðburði sem framundan eru hjá samtökunum, s.s. vorþing sem haldið verður 5. maí n.k. á Egilsstöðum og Alþjóðaðing sem haldið verður í Texas í júlí á komandi sumri og einnig var minnst á Evrópuþingið sem haldið verður á Íslandi í júlí 2019. Þá hafa Elínborg, Guðrún Þóranna og Kolbrún tekið að sér ritnefndarstörf fyrir landssamtökin.
8. Happprættið okkar var á sínum stað og hlaut Ásborg vinninginn að þessu sinni.
9. Fleira ekki gert og fundi slitið.
10. Að loknum fundi skunduðum við á Hótel Selfoss og snæddum ljúfengt og gott kjúklingasalat að hætti hússins.

Sigfríður Sigurgeirsdóttir, ritari